

1994 nr. 64 19. maí**Lög um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum¹⁾**¹⁾ Rg. 456/1994, sbr. 511/1994.**I. kafli. Orðskýringar.****■ 1. gr.** Í lögum þessum merkir:

Vernd: að veiðum eða öðrum aðgerðum, sem geta haft áhrif á viðkomu eða vanhöld dýra af tiltekinni tegund, sé hagað á þann hátt að henni sé ekki stefnt í útrýmingarhættu.

Friðun: bann við veiðum og öðrum aðgerðum sem geta aukið vanhöld eða dregið úr viðkomu dýra af tiltekinni tegund. Þegar rætt er um friðun tekur hún einnig til eggja og hreiðra þeirra fugla sem njóta algerrar eða tímabundinnar friðunar.

Veiðar: að handsama eða drepa villt dýr. Þegar um er að ræða fuglaveiðar er einnig átt við eggjatöku.

Villt dýr: allir fuglar og spendýr, önnur en selir, hvalir, gæludýr og bústofn. Dýr, sem er handsamað og haft í haldi, telst villt dýr.

Stýring á stofnum villtra dýra: aðgerðir af opinberri hálfu er miða að því að hafa áhrif á útbreiðslu eða stærð tiltekins stofns villtra dýra.

Tjón af völdum villtra dýra: fjárhagslegt tjón sem einstaklingar, fyrirtæki eða aðrir verða fyrir, heilsufarslegt tjón fólks eða búfánaðar og tjón á náttúru landsins.

Lífsvæði: svæði sem dýr nota sér til framfærslu og viðkomu eða sem farleið.

Grenjatími: tímabilið 1. maí til 31. júlí.

Netlög: hafsvæði 115 m út frá stórstraumsfjörumáli landareignar eða 115 m út frá bakka stöðuvatns sem landareign liggur að. Netlög fylgja einnig eyjum, hölmum og skerjum í sjó og stöðuvötnum.

Landareign: jörð eða annað landsvæði sem er háð beinum eignarrétti einstaklings eða lögaðila, þar með talið sveitarfélag eða ríki.

II. kafli. Markmið og gildissvið.

■ 2. gr. Markmið laga þessara er að tryggja viðgang og náttúrulega fjölbreytni villtra dýrastofna, skipulag á veiðum og annarri nýtingu dýra, svo og aðgerðir til þess að koma í veg fyrir tjón sem villt dýr kunna að valda.

□ Ákvæði laga þessara taka hvorki til hvala né sela en um þær tegundir gilda sérstök lög.

□ Lögin ná til efnahagslögsögu Íslands.

III. kafli. Umsjón.

■ 3. gr. Umhverfisráðherra hefur yfirumsjón með aðgerðum er varða vernd, friðun og veiðar á villtum dýrum.

□ Ráðherra til ráðgjafar við umsjón þessara mála er ráðgjafarnefnd um villt dýr, sbr. þó 14. gr. að því er varðar hreindýr. Umhverfisráðherra skipar nefndina til fjögurra ára í senn og skal hún skipuð sjö mönnum, einum tilnefndum af [Náttúruvernd ríkisins],¹⁾ [einum af Bændasamtökum Íslands],²⁾ einum af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, einum af Náttúrufræðistofnun Íslands, einum af Sambandi dýraverndarfélaganna Íslands, einum af Skotveiðifélagi Íslands og einum af veiðistjóraembættinu. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Umhverfisráðherra skipar formann og varaformann úr hópi fulltrúa frá stofnunum umhverfisráðuneytis.

□ Tillagna eða umsagnar ráðgjafarnefndarinnar skal leitað

við setningu reglugerða, leyfisveitingar, veitingar undanþágna og við önnur stjórnvaldsfyrirmæli um villt dýr.

¹⁾ L. 93/1996, 41. gr. ²⁾ L. 73/1996, 31. gr.

■ 4. gr. [Ráðherra skipar veiðistjóra til fimm ára í senn að fengnum tillögum ráðgjafarnefndar um villt dýr.]¹⁾ Veiðistjóri skal vera líffræðingur með sérþekkingu er nýtist honum í starfi.

□ Veiðistjóraembættið hefur umsjón með og stjórn á þeim aðgerðum af opinberri hálfu sem ætlað er að hafa áhrif á stofnstærð og útbreiðslu villtra dýra eða tjón af þeirra völdum, sbr. VI. kafla.

□ Á vegum veiðistjóraembættisins skulu stundaðar hagnýtar rannsóknir á villtum dýrum í samvinnu við Náttúrufræðistofnun Íslands eftir því sem um semst milli þessara stofnana. Einnig skal höfð samvinna um rannsóknir við aðrar stofnanir og einstaklinga eftir því sem þörf krefur.

□ Veiðistjóraembættið leiðbeinir þeim sem stunda veiðar og aðrar aðgerðir til þess að koma í veg fyrir tjón af völdum villtra dýra. Veiðistjóraembættinu skal heimilt að reka hundabú til ræktunar og þjálfunar minkaveiðihunda.

□ Veiðistjóraembættið skal vera umhverfisráðuneyti og ráðgjafarnefnd um villt dýr til ráðuneytis og gera tillögur um hvaðeina er varðar starfssvið embættisins.

□ Náttúrufræðistofnun Íslands hefur ein heimild til að láta merkja villta fugla á Íslandi og getur stofnunin veitt einstaklingum leyfi til merkinga samkvæmt reglum sem hún setur og samþykktar eru af umhverfisráðherra. Reglur þessar skulu birtar í Stjórnartíðindum.

□ Hverjum þeim sem finnur eða handsamar merktan fugl ber að senda merkið, hvort sem það er íslenskt eða útlent, til Náttúrufræðistofnunar Íslands ásamt nánari upplýsingum um fundinn.

¹⁾ L. 83/1997, 148. gr.

■ 5. gr. Umhverfisráðherra skipar fulltrúaráð sem fram kemur fyrir Íslands hönd í Alþjóðafuglaverndarráðinu (Bird Life International) sem Ísland er aðili að. Í ráðinu skulu eiga sæti fulltrúar nefnda, samtaka og stofnana sem hafa fuglavernd á stefnuskrá sinni. Nánar skal kveðið á um skipan ráðsins og starfsreglur þess í reglugerð sem umhverfisráðherra setur.

IV. kafli. Vernd, friðun¹⁾ og veiðar.

¹⁾ Rg. 252/1996.

■ 6. gr. Villt dýr, þar með talin þau sem koma reglulega eða kunna að berast til landsins, eru friðuð nema annað sé tekið fram í lögum þessum. Um innflutning dýra gilda lög nr. 54/1990.

□ Ávallt skal gæta fyllstu varkárni og nærgætni gagnvart villtum dýrum og lífsvæðum þeirra og forðast óþarfa truflun. Við skipulag og landnotkun skal tekið tillit til villtra dýra og lífsvæða þeirra, sbr. lög nr. 47/1971 og lög nr. 19/1964.¹⁾

¹⁾ Felld úr gildi með l. 73/1997.

■ 7. gr. Ákvörðun um að aflétta friðun samkvæmt lögum þessum skal byggjast á því að viðkoma stofns sé nægileg til þess að vega upp á móti afföllum vegna veiða og að með veiðum sé verið að nytja verðmæti í kjóti, skinnnum eða öðrum afurðum. Einnig er heimilt að taka tillit til þess hvort viðkomandi dýr valdi tjóni.

□ Í reglugerðum,¹⁾ sem settar eru samkvæmt tillögum ráðgjafarnefndar um villt dýr, skal kveðið á um vernd, friðun og veiðar einstakra tegunda villtra dýra. Þar skal m.a. kveða á um hvaða tegundir eru alfriðaðar, hverjar er heimilt að veiða,

hvar megi veiða þær, gerð vopna, veiðiaðferðir, lengd veiðitímabils, sérákvæði vegna hefðbundinna fuglanytja, hvað teljist til fágætra fugla, skylduskil á þeim, umgengni við hreiður þeirra og annað sem máli skiptir.

□ Þar sem talið er að villt dýr valdi tjóni einhvern tiltekinn tíma árs eða á svæðum þar sem viðkomandi tegundir eru friðaðar samkvæmt lögum þessum eða reglugerðum byggðum á þeim getur umhverfisráðherra að fenginni umsögn ráðgjafarnefndar um villt dýr, eða hreindýraráðs að því er varðar hreindýr, veitt tímabundið leyfi til veiða í því skyni að koma í veg fyrir tjón. Í reglugerð skal kveðið á um hvaða tegundir skuli ávallt undanskildar þessu ákvæði.

□ Umhverfisráðherra skal setja reglugerð um sölu, innflutning og útflutning villtra dýra og hluta þeirra, svo og egg. Þar skal einnig kveðið á um hamtöku og skinnatöku, uppsetningu dýra og starfsemi hamskera.

□ Umhverfisráðherra getur að fenginni umsögn ráðgjafarnefndarinnar veitt undanþágur til veiða á villtum dýrum sem njóta friðunar eða verndar ef nota á þau við rannsóknir, fyrir söfn og dýrargarða eða til ræktunar og undaneldis.

□ Náttúrufræðistofnun Íslands má án sérstakrar heimildar láta veiða allar tegundir fugla, þar á meðal friðaðar tegundir, og safna eggjum handa stofnuninni hvar sem er og án þess að endurgjald komi fyrir, enda sýni viðkomandi skilríki verði því við komið. Haft skal samráð við landeigendur fyrir fram og forðast óþarfa átroðning. Ráðherra ákveður að fenginni tillögu ráðgjafarnefndar um villt dýr hvaða tegundir skuli undanskildar þessu ákvæði.

□ Umhverfisráðherra getur að fenginni tillögu ráðgjafarnefndarinnar ákveðið að beita sér fyrir útrýmingu stofns eða tegundar dýra sem flust hefur til Íslands af mannavöldum.

¹⁾ Rg. 358/1994.

■ **8. gr.** Öllum íslenskum ríkisborgurum, svo og erlendum ríkisborgurum með lögheimili hér á landi, eru dýraveiðar heimilrar í almenningum, á afréttum utan landareigna lögbyla, enda geti enginn sannað eignarrétt sinn til þeirra, og í efnahagslögsögu Íslands utan netlaga landareigna. Skulu þeir hafa aflað sér leyfis til þess samkvæmt lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim.

□ Landeigendum einum eru heimilrar dýraveiðar og ráðstöfunarréttur þeirra á landareign sinni nema lög mæli öðruvísi fyrir.

□ Eigi má skilja rétt til veiða að nokkru eða öllu leyti frá landareign fyrir fullt og allt. En leyfilegt skal að skilja rétt til veiða frá landareign um tiltekið tímabil er eigi má vera lengra en 10 ár í senn.

□ Nú er landareign í sameign en er skipt eftir merkjum og afnota- eða eignarskiptingu og á þá hver sameigandi rétt til dýraveiða á og fyrir sínum landshluta eða afnotasvæði, nema samkomulag hafi orðið um aðra lögmæta skipan.

□ Nú er landareign í óskiptri sameign og eru þá landeigendum öllum dýraveiðar jafnheimilrar í þeirri landareign í réttu hlutfalli við afnotarétt lands nema samkomulag verði um aðra skipan.

□ Þar sem stöðuvötn, firðir, vogar eða sund, sem ekki eru 230 m á breidd, skipta landareignum eiga landeigendur veiðarétt út að miðlínu, svo og í ám og lækjum. Í stöðuvötnum, sem eru breiðari en 230 m, eru landeigendum, sem land eiga að vatninu, einum heimilrar veiðar í almenningi þess og eru þær þeim öllum jafnheimilrar. Sé forn venja til þess að réttur til dýraveiða í almenningi stöðuvatns fylgi tiltekinni eða tilteknum landareignum skal sú venja gilda eftirleidis.

□ Erlendir ferðamenn, sem veiða hér á landi, skulu afla sér veiðikorta, sbr. 11. gr., og fullnægja að öðru leyti þeim kröfum sem gerðar eru til veiðimanna hér á landi.

■ **9. gr.** Við veiðar má eingöngu nota skotvopn sem úr má skjóta fríhendis frá öxl með þeim undantekningum sem upp eru taldar í liðum 3, 4, 7 og 16 hér á eftir og nánar er kveðið á um í reglugerðum. Við fuglaveiðar er óheimilt að nota haglabyssu með hlaupvídd stærri en nr. 12. Við veiðar er m.a. óheimilt að nota:

1. Eitur eða svefnlyf.

2. Sprengiefni, bensín eða önnur efni til þess að svæla með gasi eða reyk.

3. Steina, barefli, eggvopn, skutla, stunguvopn eða áþekka hluti. Þó má nota barefli við hefðbundnar veiðar á fýls-, súlu- og skarfsungum.

4. Net, nema háf til lundaveiða, sbr. þó 5. mgr. 18. gr. að því er varðar álku, langvíu og stuttnefju. Fugla, er drepast í netum sem lögð eru til fiskveiða eða kópaveiða, má hvorki bjóða til sölu, selja, kaupa, gefa né þiggja að gjöf. Lifandi fugla skal greiða úr neti og sleppa.

5. Öngla eða önnur tól sem komið er fyrir í æti.

6. Snörur og snörfleka.

7. Fótþoga eða gildrur, nema til músaveiða, rottuveiða, minkaveiða og til að ná tófuyrðlingum við greni. Gerðir fótþoga og gildra skulu hafa hlotið samþykki ráðgjafarnefndar um villt dýr.

8. Rafbúnað sem getur drepit eða rotað.

9. Segulbandstæki og aðra rafknúna hljóðgjafa.

10. Ljósgjafa, nema til refa- og minkaveiða.

11. Búnað til að lýsa upp skotmörk.

12. Spegla eða annan búnað sem blindar.

13. Búnað til þess að miða í myrkri með rafeindatekjum er stækka eða breyta ímyndinni.

14. Sjálfvirk skotvopn, svo og handhlaðnar fjölskotabyssur og hálfsvirk skotvopn, með skothylkjahólfum sem taka fleiri en tvö skothylki.

15. Lifandi dýr sem bandingja.

16. Hunda til þess að hlaupa uppi bráð, nema við minkaveiðar.

17. Vélknúin farartæki, nema báta á sjó til fuglaveiða enda gangi þeir ekki hraðar en níu sjómílur meðan á veiði stendur. Vélknúin farartæki á landi má nota til að flytja veiðimenn til og frá veiðilendum og þá eingöngu á vegum eða merktum vegaslóðum. Skotvopn skulu vera óhlaðin meðan á akstri stendur. Þau skulu einnig vera óhlaðin nær vélknúnu farartæki á landi en 250 m.

□ Umhverfisráðherra getur í samráði við ráðgjafarnefnd um villt dýr veitt tímabundna undanþágu til að nota ofangreindar veiðiaðferðir í vísindaskyni eða ef villt dýr valda umtalsverðu tjóni og aðrar aðferðir eru ekki taldar henta.

■ **10. gr.** Veiðar skulu óheimilrar á svæðum sem eru friðlýst vegna dýralífs. Umhverfisráðherra getur aflétt tímabundið eða rift þeirri friðun að fullu eða gagnvart tiltekinni tegund að fengnu samþykki ráðgjafarnefndar um villt dýr og [Náttúruverndar ríkisins].¹⁾

□ Veiðimanni er skylt að hirða bráð sína. Særi veiðimaður dýr ber honum að elta það strax uppi og aflífa ef þess er nokkur kostur. Ákvæði þetta gildir einnig þótt sært dýr fari inn á landareign sem veiðimaður hefur ekki leyfi til að veiða á og er þá bráð eign landeiganda nema annað sé tekið fram í lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim.

¹⁾ L. 93/1996, 41. gr.

V. kafli. Veidikort og hæfnispróf veiðimanna.

■ **11. gr.** Allir sem stunda veiðar á villtum dýrum, öðrum en rottum og músum, skulu afla sér veidikorts gegn gjaldi, sbr. 3. mgr. Veidikort þarf ekki til eggjatöku. Veidistjóri annast útgáfu veidikorta. Á veidikorti skal getið nafns handhafa, gildistímabils og þeirra tegunda sem viðkomandi hefur heimild til að veiða. Korthafi skal ætíð bera kortið á sér á veiðum. Hann skal framvísa því ef óskað er. Korthafi skilar árlega skýrslu um veiðar sínar á gildistíma korts áður en nýtt kort er útgefið.

□ Ábúendur hlunnindajarða og aðrir rétthafar hefðbundinna hlunninda skulu fá sérstök veidikort, hlunnindakort, til staðfestu því að þeir hafi rétt til að nýta hlunnindi á jörðinni, eða á tilteknu svæði, og til að verjast tjóni af völdum villtra dýra á jörðinni eða svæðinu. Hlunnindakort gilda fyrir eiganda eða ábúanda og það fólk sem honum er nauðsynlegt að hafa með sér við nýtingu hlunnindanna og við varnaraðgerðir við ágangi tjónvalda.

□ Gjald fyrir veidikort skal notað til rannsókna og stýringar á stofnum villtra dýra, auk þess að kosta útgáfu kortanna. Umhverfisráðherra ákveður gjald fyrir veidikort og skal það að hámarki nema 1.500 kr. á ári og taka breytingum í samræmi við framfærsluvísitölu, sbr. lög nr. 5/1984.¹⁾

□ Umhverfisráðherra er heimilt að ákveða í reglugerð²⁾ um veidikort að þeir sem stundi veiðar á villtum dýrum skuli hafa lokið sérstöku prófi um villt dýr og umhverfi þeirra og í hæfni til veiða.

¹⁾ Nál. 12/1995. ²⁾ Rg. 291/1995, sbr. 230/1996 og 403/1996.

VI. kafli. Sérákvæði um veiðar.

■ **12. gr. Refir.** Óheimilt er að eyðileggja greni. Ekki má láta hunda hlaupa um á greni á grenjatímanum né hafa þar óþarfa umgang. Sveitarstjórnir skulu halda skrá yfir öll þekkt greni í sínu umdæmi ásamt lýsingu á þeim og skulu afrit af skránum varðveitt hjá veidistjóraembættinu.

□ Þar sem umhverfisráðherra ákveður, að fengnum tillögum veidistjóraembættis, að nauðsynlegt sé að láta veiða refi til þess að koma í veg fyrir tjón af þeirra völdum, sbr. 7. gr., er sveitarstjórn skylt að ráða skotmann til grenjavinnslu og skal hann hafa með sér aðstoðarmann. Þar sem veidistjóraembætti og sveitarstjórn þykir betur henta má skipuleggja refaveiðar að vetrarlagi í stað grenjavinnslu og fela þá skotmanni með sama hætti framkvæmdina. Eigi fleiri sveitarfélög sameiginlegt upprekstrarland skulu sveitarstjórnir fela stjórn viðkomandi upprekstrar- eða fjallskilafélags umsjón refaveiða samkvæmt þessari málsgrein.

□ Á svæðum, þar sem friðun refa hefur verið aflétt, sbr. 7. gr., eru refaveiðar utan grenjatíma öllum heimilar sem til þess hafa leyfi samkvæmt lögum.

□ Umhverfisráðherra ákveður árlega viðmiðunartaxta launa til skotmanna og aðrar greiðslur fyrir unna refi sem veiddir eru skv. 2. og 3. mgr. [Viðkomandi sveitarstjórnir skulu árlega gefa skýrslur til veidistjóraembættis um refaveiðar og kostnað við þær, hver á sínu svæði, og endurgreiðir ríkissjóður þá hluta kostnaðar við veiðarnar m.a. með tilliti til fjárhagslegrar getu hlutaðeigandi sveitarfélaga eftir því sem nánar er ákveðið í fjárlögum.]¹⁾ Umhverfisráðherra getur í samráði við veidistjóra heimilað sveitarstjórnnum að ráða skotmenn til refaveiða á tilteknum svæðum til viðbótar þeim sem ákvörðuð hafa verið skv. 2. mgr. og falla þau þá ekki undir greiðsluskyldu ríkissjóðs.

□ Þrátt fyrir ákvæði 6. gr. mega bændur og æðarræktendur, eða aðilar á þeirra vegum, skjóta refi sem búfánaði eða æðar-

varpi stafar hætta af. Skal viðkomandi tilkynna skotmönnum, sbr. 2. mgr., um slíka veiði svo fljótt sem auðið er.

¹⁾ L. 140/1996, 25. gr.

■ **13. gr. Minkar.** Minkar njóta ekki friðunar samkvæmt lögum þessum. Þó er umhverfisráðherra heimilt, að fenginni umsögn ráðgjafarnefndar um villt dýr, að friða minka í rannsóknarskyni á takmörkuðu svæði í skamman tíma.

□ Þar sem umhverfisráðherra ákveður, að fengnum tillögum veidistjóraembættis, að minkaveiðar séu nauðsynlegar til þess að koma í veg fyrir tjón af völdum minka er sveitarstjórn skylt að ráða menn til minkaveiða.

□ Umhverfisráðherra ákveður árlega viðmiðunartaxta launa og annarra greiðslna fyrir unna minka sem veiddir eru skv. 2. mgr. [Viðkomandi sveitarstjórnir skulu árlega gefa skýrslur til veidistjóraembættis um minkaveiðar og kostnað við þær, hver á sínu svæði, og endurgreiðir ríkissjóður þá allt að helming kostnaðar við veiðarnar eftir því sem nánar er ákveðið í fjárlögum.]¹⁾ Umhverfisráðherra setur reglugerð um framkvæmd veiðanna og um tilhögun endurgreiðslna á hlut ríkissjóðs í kostnaði við þær.

¹⁾ L. 144/1995, 57. gr.

■ **14. gr. Hreindýr.** Umhverfisráðherra getur heimilað veiðar úr hreindýrastofninum enda telji veidistjóraembættið að stofninn þoli veiði og að æskilegt sé að veiða úr honum. Ráðherra ákveður árlega fjölda þeirra dýra sem fella má, eftir aldri, kyni og veiðisvæðum, í samræmi við tillögur hreindýraráðs og veidistjóraembættisins og birtir auglýsingu þar að lýtandi í Lögbirtingablaði. Eignarréttur á landi, þar sem hreindýr halda sig, veitir ekki rétt til veiða á hreindýrum.

□ Veiðar á hreindýrum eru heimilar öllum er til þess hafa leyfi samkvæmt lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim. Af hverju felldu hreindýri skal greiða til hreindýraráðs sérstakt leyfisgjald sem ráðherra ákveður árlega og skal gjaldinu varið til reksturs ráðsins, framkvæmda á þess vegum og rannsókna á hreindýrum. Hreindýraráði er heimilt að selja veiðiheimildir sem hlutaðeigandi sveitarfélögum hefur verið úthlutað.

□ Umhverfisráðherra skipar fimm menn í hreindýraráð til fjögurra ára í senn. Ráðherra skipar formann nefndarinnar án tilnefningar en aðrir nefndarmenn skulu skipaðir með eftirfarandi hætti: Búnaðarsamband Austurlands tilnefni tvo menn, Búnaðarsamband Austur-Skaftafellssýslu einn og Samband sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi einn. Varamenn skulu tilnefndir með sama hætti. Veidistjóri situr fundi hreindýraráðs og hefur málfrelsi og tillögurétt.

□ Að fengnum tillögum hreindýraráðs og veidistjóra setur ráðherra reglugerð¹⁾ um nánari framkvæmd á hreindýraveiðum, m.a. um skiptingu veiðiheimilda á milli viðkomandi sveitarfélaga, um veiðieftirlitsmenn, hlutverk og starfssvið hreindýraráðs, svo og skiptingu arðs af leyfisgjaldi og veiðiheimildum sem framseldar eru ráðinu.

¹⁾ Rg. 402/1994.

■ **15. gr. Mýs og rottur.** Rottur og húsamýs, svo og hagamýs í húsum inni, eru ekki friðaðar samkvæmt lögum þessum.

□ Heilbrigðisnefndir hafa umsjón með fækkun á músum og rottum eftir því sem nánar er kveðið á um í heilbrigðisreglugerð sem sett er í samráði við umhverfisráðherra.

■ **16. gr. Hvítabirnir.** Hvítabirnir eru friðaðir samkvæmt lögum þessum á landi, hafis og á sundi, sbr. þó 3. mgr.

□ Gangi hvítabjörn á land þar sem fólki eða búfánaði er ekki talin stafa bráð hætta af er umhverfisráðherra heimilt að fela

veiðistjóraembættinu að fanga björninn og flytja hann á stað þar sem ekki stafar hættu af honum.

□ Fella má hvítabjörn sem gengið hefur á land og fólki eða búfénaði er talin stafa hættu af.

□ Hafi hvítabjörn verið felldur skv. 3. mgr. skal það tilkynnt umhverfisráðherra án tafar og getur hann þá krafist þess að björninn verði afhentur Náttúrufræðistofnun Íslands til athugunar og ráðstöfunar, enda greiði ríkissjóður áfallinn kostnað.

■ **17. gr. Fuglar.** Umhverfisráðherra getur í reglugerð,¹⁾ að fengnum tillögum ráðgjafarnefndar um villt dýr, aflétt friðun eftirtalinna fuglategunda innan þeirra tímamarka er hér segir, sbr. 7. gr.:

1. Allt árið: svartbakur, sílamáfur, silfurmafur, hrafn.

2. Frá 20. ágúst til 31. mars: grágæs, heiðagæs.

3. Frá 1. september til 31. mars: fyll, dílaskarfur, toppskarfur, súla, blesgæs, helsingi, stökkönd, urtönd, rauðhöfðaönd, duggönd, skúfönd, hávella, toppönd, hvítmafur, hettumáfur, rita, skúmur, kjói. Ætíð er heimilt að skjóta kjóa nærri æðarvarpi.

4. Frá 1. september til 10. maí: álka, langvía, stuttnefja, teista, lundi.

5. Frá 15. október til 22. desember: rjúpa.

□ Nú hefur umhverfisráðherra ákveðið að aflétta friðun skv. 1. mgr. og getur hann þá að ósk sveitarstjórnar ákveðið að friðun gildi áfram í tiltekinn tíma á ákveðnum svæðum þar sem umferð veiðimanna er talin óæskileg.

□ Óheimilt er að þeyta flautur, fljúga flugvélum eða vera með annan hávaða að óþörfu í grennd við fuglabjörg. Enn fremur er óheimilt að hleypa af skoti á landi nær fuglabjörgum en 200 m og á sjó nær en 500 m. Aldrei má skjóta fugl í fuglabjörgum.

□ Óheimilt er að veiða fugla í sárum.

¹⁾ Rg. 345/1994.

VII. kafli. Nýting hlunninda.

■ **18. gr.** Frá 15. apríl til 14. júlí ár hvert eru öll skot bönnuð nær friðlýstu æðarvarpi en 2 km nema brýna nauðsyn beri til. Á sama tíma má eigi án leyfis varpeiganda leggja net í sjó nær friðlýstu æðarvarpi en 250 m frá stórstraumsfjörumáli.

□ Umhverfisráðherra setur reglugerð¹⁾ um hvernig staðið skuli að skilgreiningu og friðlýsingu æðarvarps samkvæmt lögum þessum.

□ Í varpi kríu, silfurmáfs, hvítmáfs og hettumáfs skal heimilt að taka egg þessara fugla en þó aldrei eftir 15. júní ár hvert.

□ Á takmörkuðum svæðum, þar sem eggja- eða ungataka súlu, dílaskarfs, toppskarfs, fýls, skúms, hvítmáfs, ritu, álku, langvíu, stuttnefju, teistu og lunda telst til hefðbundinna hlunninda, skulu friðunarákvæði laga þessara ekki vera til fyrirstöðu því að nytja megi þau hlunnindi eftirleiðis.

□ Á takmörkuðum svæðum, þar sem veiði fullvaxinna lunda, álku, langvíu og stuttnefju í háf telst til hlunninda, skulu frið-

unarákvæði laga þessara ekki vera til fyrirstöðu því að nytja megi þau hlunnindi eftirleiðis. Veiðar þessar hefjist ekki fyrir en 1. júlí og ljúki eigi síðar en 15. ágúst.

□ Á takmörkuðum svæðum, þar sem andarvarp er mikið, skal veiðiréttthafa heimilt að taka egg frá eftirtöldum andartegundum: æðarfugli, stökkönd, rauðhöfðaönd, urtönd, duggönd, skúfönd, hávella, húsönd og toppönd. Við slíka eggjatöku skulu ávallt skilin eftir minnst fjögur egg í hverju hreiðri. Heimilt er og að taka grágæsar- og heiðagæsaregg, en þá skulu eigi færri en tvö egg skilin eftir í hreiðri. Andaregg og heiðagæsaregg, sem tekin eru samkvæmt ákvæðum þessarar málsgreinar, má hvorki bjóða til sölu, selja, kaupa, gefa né þiggja að gjöf.

□ Telji eigandi veiðiréttar sig hafa heimild til nýtingar hlunninda skv. 4. eða 5. mgr. skal hann afla staðfestingar viðkomandi sveitarstjórnar og sýslumanns á rétti sínum. Neiti þessir aðilar að staðfesta heimild veiðiréttthafa sker umhverfisráðherra úr þeim ágreiningi.

¹⁾ Rg. 252/1996.

VIII. kafli. Refsiákvæði og réttarfar.

■ **19. gr.** Brot gegn lögum þessum og reglum, sem settar verða samkvæmt þeim, varða sektum [eða fangelsi allt að 2 árum]¹⁾ og sviptingu skotvopna- og veiðileyfis. Virða skal það refsingu til þyngingar ef um sjaldgæfar eða fágætar fuglategundir er að ræða, sbr. 7. gr. Sama gildir um æðarfugl og æðaregg, svo og stórfelldar ólögmetar fuglaveiðar og spjöll á friðlýstum varpstöðvum.

□ Tilraun til brota gegn lögum þessum og reglugerðum, sem settar eru á grundvelli þeirra, varða refsingu sem fullframið brot, sbr. III. kafla almennra hegningarlaga. Hið sama gildir um hlutdeild í brotum.

□ Gera má upptækt til ríkissjóðs: Ólöglegt veiðifang, egg eða eggjaskurn, veiðitæki og annan búnað sem notaður hefur verið við framkvæmd brots, svo og hagnað af ólöglegri veiði og sölu framangreindra verðmæta. Ekki er það upptöku til fyrirstöðu þótt annar sé eigandi veiðitækis eða annars sem upptaka er heimil á en sá sem sekur hefur reynst um brot á lögum þessum eða reglum settum á grundvelli þeirra. Að öðru leyti skal fara um eignaupptöku samkvæmt ákvæðum 69. gr. laga nr. 19/1940.

¹⁾ L. 82/1998, 214. gr.

■ **20. gr.** Mál út af brotum gegn lögum þessum og reglum, sem settar eru samkvæmt þeim, skulu rekin að hætti opinberra mála.

IX. kafli. Almenn ákvæði, gildistaka og brottfallin lög.

■ **21. gr.** Reglugerðir, og aðrar stjórnvaldsáðgerðir um spendýrastofna og fugla, sem settar hafa verið fyrir gildistöku þessara laga, halda gildi sínu að svo miklu leyti sem þær brjóta ekki í bága við þau uns nýjar reglur hafa verið settar.

□ Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1994. . . .